

Fundur í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík, 8. júlí 2024.
Mætt auk Áslaugar: Erlendur, Bjarni, Logi og Edda Kristín.

Fyrir fundinum lá eitt mál, húsnæðis kaup skólans.

Fiðluhús hefur dregið sig út úr samstarfinu á Laugaveginum. Ríkið vill ganga til samninga við skólann en setur það skilyrði fyrir sölu á Rauðarárstíg 10 að hús D sé selt á sama tíma, þ.e. hæðirnar þrjár yfir Gallerí Fold með Geislavarnir á efstu hæð. Skólinn hefur áður gert tilboð í nákvæmlega þessar eignir eða þegar tilboðið var gert í samstarfi við S8 og Jóhann Halldórsson. Á þeim tíma lá stjórnarsamþykkt fyrir því að tekið yrði lán fyrir kaupum á báðum húsum.

Áslaug óskar eftir heimild til að semja um greiðslur og ljúka sölunni á JL húsinu hið allra fyrsta. Hún hefur lagt til við Gabríel að greiðslur yrðu sem hér segir:
210 milljónir við undirritun
200 milljónir 15. ágúst
Afhending á öllu húsinu 1. september.
271 milljón 15. desember.

Greiðsluflæðið til ríkisins væri með eftirfarandi hætti vegna beggja eignarhluta í **R10 - F2010362/F2010365**.

Greiðsluflæði	955.872.000 kr	
júlí	110.000.000 kr	12%
ágúst	210.000.000 kr	22%
desember	330.000.000 kr	35%
janúar/febrúar	305.872.000 kr	32%

Ef um semst með þessum hætti þyrfti skólinn ekki að taka lán fyrr en eftir áramótin. Íslandsbanki mun veita lánið.

Kostnaður af lánum yrði um 3 milljónir á mánuði. Leigutekjur frá Geislavörnum eru í kringum 1,5-1,6 milljónir á mánuði og því þurfa hinar tvær hæðirnar að skila minnst 1,5 milljónum. Hugmyndin er að leigja hæðirnar út sem vinnustofur.

Stjórnin samþykkti tillögu skólastjóra um kaupin á eignum á Rauðarárstíg og fól skólastjóra að ganga frá kaupum samhliða sölu á eign skólans við Hringbraut.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið. Fundargerð þessi er undirrituð af stjórn með rafrænum hætti.

Undirritunarsíða

Áslaug Thorlacius

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason